

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN

28. nóvember 2001

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skipan opinberra framkvæmda nr. 84/2001. ~~42.~~ mál.
6.**

Á árinu 2000 námu fjárfestingar hin opinbera í byggingum, vélum og tækjum rúmum 15 milljörðum. Hér er um háar fjárhæðir að tefla. Það hlýtur því að skipta afar miklu máli að allar ákvarðanir um opinberar framkvæmdir byggji á eins traustum grunni og hægt er. Fullnægjandi undirbúningur og raunhæfar og skýrar áætlanir gagnast best ásamt æskilegu eftirliti með hverri framkvæmd fyrir sig. Þjóðhagsstofnun telur að umrædd lagabreyting geti aukið og bætt á skýrleika og skilvirkni nógildandi laga um skipan opinberra framkvæmda. Þannig er aðkoma Framkvæmdasýslu ríkisins að málsmeðferð opinberra framkvæmda skýrari en í nógildandi lögum en hugsanlega skortir á nánari útlistun á því hvernig hún á að framfylga lögbundnu eftirlitshlutverki sínu.